

10. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

12. mars 2020 kl. 13.00

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem var símleiðis. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri Steinn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Freyja Þorkelsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson, fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Elsa Ingjaldsdóttir ritaði fundargerð.

Dagsskrá:

1. Covid-19 – viðbragsáætlun og upplýsingar.
2. Gátlisti fyrir skólanefnd - töluliðir 3 og 10.
3. Íslensku menntaverðlaunin – til upplýsinga
4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og sérstakalega Jón Bjarnason sem er nýr aðalmaður í skólanefnd í stað Hönnu Bjarkar Grétarsdóttur. Formaður óskaði eftir athugasemendum við útsent fundarboð og/eða dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið til dagskrár.

1. Covid -19 – viðbragðsáætlun Flúðaskóla

Skólastjórnendur greindu frá fundi með sveitarstjóra og oddvita þar sem farið var yfir forvarnir og viðbrögð við COVID-19.

Jóhanna fór jafnframt yfir viðbragðsáætlun Flúðaskóla vegna COVID-19 veirunnar og aðgerðir sem gripið hefur verið til vegna neyðarstigs Almannavarna.

Viðbragðsáætlunin tekur mið af kröfum í Landsáætlun sóttvarnalæknis og Ríkislöggreglustjóra er varða skólahald og mun skólinn halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.

Aðeins hafa borist fyrirspurnir frá foreldrum og hefur þeim verið svarað jafnóðum.

Jafnframt eru kennarar/starfsfólk að undirbúa sig eins og best verður á kosið fyrir fjarkennslu og samskipti gegnum ýmis forrit.

Forvarnir eru viðhafðar í formi sótthreinsunar og aukins persónulegs hreinlætis.

Almennar umræður urðu um málið og fundarmenn sammála um að viðbragðsáætlun Flúðaskóla sé bæði raunsæ og eins gagnleg eins og hægt er í jafn fordæmalausum aðstæðum.

Skólanefnd tekur undir sjónarmið skólastjórnenda að fara að tilmælum Almannavarna og bregðast við skv. fyrirmælum opinberra aðila í einu og öllu. Mikilvægt sé að skólahald geti gengið með eðilegum hætti eins lengi og leyft er.

Ennfremur treystir skólanefnd skólastjórnendum til að meta aðstæður sem geta komið upp hverju sinni.

2. Gátlisti fyrir skólanefnd - töluliðir 3 og 10.

a) *Töluliður 3. Stuðlar skólanefndin að samstarfi grunnskóla og aðila utan hans/beirra? (Gr. 5)*

ABH
SSS
JWL
JLA

BB
SG/SG

1

FP

FS

Já, sbr. svar við 3. tölulið frá skólanefndarfundi 31. október 2019

- b) **Töluliður 10.** Fá öll skólaskyld börn í sveitarfélagini sem eru metin með sérþarfir viðeigandi þjónustu? (Gr. 17 og Rg. 585/2010)

Já sbr. svar við 10. tölulið tekið fyrir á skólanefndarfundi 2.maí 2019

3. Íslensku menntaverðlaunin

Lagður fram til upplýsinga tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 2. mars sl. þar sem óskað er eftir tilnefningum til íslensku menntaverðlaunanna í þremur flokkum.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til 1. júní nk.

Málið rætt en Skólanefnd telur Flúðaskóla verðugan handhafa menntverðlauna.

4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Gátlisti – spurningar 14-18

Skóladagatal

Næsti fundur ákveðinn 30. apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40

The image shows several handwritten signatures in blue ink, likely from the members of the School Board. The signatures are somewhat cursive and overlapping. Some legible names include "Guðrún Bjarnason", "Johanna Lilja Árnadóttir", "Ólöd Ólafsson", "Sigrún Úlfarsdóttir", "Frøyja Þorleifsdóttir", "Margrét Þórssen", and "Fridur Sæmundsdóttir".